

NEYTENDA BLAÐIÐ

3. tbl. 62. árg. - september 2016

Þing NS

- Kynning á frambjóðendum

Viltu draga úr plastnotkun?

SPJALDTÖLVUR

- gæðakönnun

Mun íslenskur
landbúnaður
leggjast af?

Nýjar reglur
um túristaleigu

Hinn máttugi neytandi

Þar sem ég sækist ekki eftir endurkjöri sem formaður Neytendasamtakanna er hér um að ræða síðasta leiðarann sem ég kem til með að skrifa í Neytendablaðið og þá er freistandi að líta aðeins um öxl.

Margt hefur breyst, bæði hjá Neytendasamtökunum sjálfum en ekki síður í samfélaginu, síðan ég hóf afskipti af neytendamálum á áttunda áratug síðustu aldar. Sem dæmi má nefna að á skrifstofu samtakanna starfa nú átta starfsmenn en í raun er ekki svo ýkja langt síðan þar var aðeins einn starfsmaður í hlutastarfi. Hin mikla bylting sem hefur orðið með tilkomu internetsins, samfélagsmiðla og sífellt fleiri fjölmiðla hefur svo orðið til þess að mun auðveldara er að miðla upplýsingum til neytenda, og þeir fá fréttir mun fyrir og í meiri mæli en áður. Í opnu upplýsingasamfélagi nútímans er erfitt að halda nokkru leyndu fyrir almenningi og er það vel.

Þegar ég lít yfir farinn veg hjá Neytendasamtökunum er það mat mitt að margt hafi verið vel gert og að árangur hafi náðst á ýmsum sviðum. Margt hefði svo væntanlega mátt gera betur og oft hefur þurft, vegna fjárskorts og vinnuálags á skrifstofunni, að velja úr verkefnum og hafa þá jafnvel verðug verkefni þurft að sitja á hakanum. Hafa Neytendasamtökin oft sætt gagnrýni fyrir aðgerðaleyfi og að berjast ekki nógu hatramlega fyrir hönd neytenda. Slíkrar gagnrýni gætir bæði á opinberum vettvangi og eins í samtölum starfsmanna við einstaka neytendur. Þegar alhördustu gagnrýnendurnir eru hins vegar spurðir hvort þeir séu félagsmenn í samtökunum, greiði félagsgjald og leggi þar með sitt að mörkum til að efla samtökin í baráttu sinni, er svarið þó oft nei.

Það má vissulega til sanns vegar færa að neytendur eru mun betur upplýstir og meðvitaðri um rétt sinn en fyrir nokkrum árum. Þannig fréttu þeir af dómsmálum og ákvörðunum eftirlitsstjórnvalda svo að segja um leið og aðilar máls. Þeir verða lostnir réttlátri reiði og tjá sig með öflugum hætti á samfélagsmiðlum og athugasemdakerfum þegar þeir fréttu af grófum samkeppnislagabrotum og gera athugasemdir (við seljendur og Neytendasamtökin) þegar þeim finnst verðhækkanir keyra úr hófi fram. Neytendur nútímans eru duglegir að tjá sig og er það vel.

Hins vegar hafa neytendur almennt verið ófúsari til beinna aðgerða. Neytendur sem hópur eru eðli málsins samkvæmt öflugasti þrýsti-hópur sem til er; án neytenda er engin verslun. Hins vegar hefur helsta vopn neytenda, þ.e. sniðgangann, verið vannýtt. Þannig fer ekki miklum fréttum af því að neytendur t.a.m. flytji sig um set þegar fréttist af himinháum bónusgreiðslum hjá ákveðnum viðskiptabönkum eða ótrúlegum arðgreiðslum tryggingafélaga, eða að þeir sniðgangi fyrirtæki á fákeppnismarkaði sem gerst hafa sek um samkeppnislagabrot. Þá fer félagsmönnum í Neytendasamtökunum fækkandi.

Ég hvet því alla til að mæta á þing samtakanna hinn 22. október en þar gefst sannarlega tækifæri til að hafa áhrif á stefnu og stjórn Neytendasamtakanna. Það hlýtur að vera þess virði að fórn einum laugardegi í það. Að lokum þakka ég svo félagsmönnum samfylgdina undanfarin ár og áratugi.

Jóhannes Gunnarsson

Efni

Leiðari	2
Fréttir frá NS	3
Reynslusögur	4
Frá ECC og Leigjendaaðstoðinni	5
Þing NS – frambjóðendur kynna sig	6
Spjaldtölvur – gæðakönnun	12
Ferðamannaleiga – nýjar reglur	14
Símanotkun í útlöndum	15
Innflutningur á landbúnaðarvörum	16
Þegar verslun fer í þrot	19
Plastveruleikinn	20
Góð ráð til að draga úr plastnotkun	22



Blaðið er prentað á umhverfisvænan hátt.

NEYTENDABLAÐIÐ

3. tbl. 62.árg. september 2016

Útgefandi: Neytendasamtökin,
Hverfisgötu 105, 101 Reykjavík

Sími: 545 1200

Veffang: www.ns.is

Netfang: ns@ns.is

Ábyrgðarmaður: Jóhannes Gunnarsson

Umsjón með gæðakönnun: Hildur Sif Thorarensen

Yfirlestur: Finnur Friðriksson

Umbrot og hönnun: Lýðveldið

Prentun: Ísafoldarprentsmiðja, umhverfisvottuð prentsmiðja.

Forsíðumynd: istockphoto

Upplag: 8.100 eintök, blaðið er sent öllum félagsmönnum í Neytendasamtökunum.

Árgjald Neytendasamtakanna er 5.400 krónur og innifalið í því er m.a. Neytendablaðið, 4 tölublöð á ári.

Heimilt er að vitna í Neytendablaðið í öðrum fjölmiðlum sé heimildar getið. Óheimilt er þó að birta heilar greinar eða töflur án leyfis Neytendasamtakanna. Upplýsingar úr Neytendablaðinu er óheimilt að nota í auglýsingum og við sölu nema skriflegt leyfi Neytendasamtakanna liggja fyrir.

Lykilorð á heimasíðunni:

Notendanafn: félagi

Lykilorð: lok10

Þing Neytendasamtakanna

– breytt dagsetning



Þar sem boðað hefur verið til Alþingiskosninga hinn 29. október nk. var ákveðið að flýta þingi Neytendasamtakanna sem til stóð að halda sama dag. Þingið verður því haldið laugardaginn 22. október nk. Félagsmenn eru hvattir til að fylgjast með heimasíðunni ns.is en þar verða birtar upplýsingar um staðsetningu og nánari tímasetningu þegar nær dregur.

Meðal þess sem fram fer á þinginu er stjórnarkjör, en á síðu 6-11 hér í blaðinu er að finna kynningu á frambjóðendum til stjórnar en fimm bjóða sig fram til formanns og tólf til almennrar stjórnarsetu. Til að njóta kosningaréttar í stjórnarkjöri þurfa félagsmenn að vera skuldlausir við samtökin og mæta á þingið. Neytendablaðið hvetur félagsmenn eindregið til að mæta á þingið en tilkynna þarf þátttöku a.m.k. viku fyrir þingdag. Það er hægt að gera með því að hringja í síma 5451200 eða senda tölvupóst með upplýsingum um nafn, kennitölu, heimilisfang, netfang og símanúmer á ns@ns.is

Neytendasamtökin á Fundi fólksins



Neytendasamtökin stóðu fyrir pallborðsumræðum undir yfirskriftinni „Um neytendavernd á fjármálamarkaði“ á Fundi fólksins sem haldinn var dagana 2. – 3. september sl. Jónas Guðmundsson hagfræðingur fór yfir skýrslu um neytendavernd á fjármálamarkaði, sem út kom 2013, og niðurstöður hennar, en enn hefur þeim tillögum sem nefndin kom fram með ekki verið hrundið í framkvæmd. Jóhannes Gunnarsson var fundarstjóri og til fundarins komu fulltrúar frá öllum þingflokkum til þess að ræða tillögur nefndarinnar.

Jónas nefndi m.a. þær tillögur nefndarinnar að hér á landi þyrfti að auka eftirlit með fjármálafyrirtækjum og þá aðstoð sem veitt er neytendum þegar þeir semja um lántöku við fjármálafyrirtæki. Einnig þyrfti að auka fjármálalæsi þjóðarinnar og miðla betur upplýsingum til neytenda þegar kemur að fjármálaþjónustu. Þannig væri einkennandi fyrir fjármálamarkaðinn hér á landi sá mikli upplýsingaskortur sem blasir við neytendum og sá aðstöðumunur sem getur myndast milli lánveitanda annars vegar og lántaka hins vegar. Mikilvægt væri að auðvelda hreyfanleika viðskiptavina og koma þannig á meiri samkeppni á þessum markaði. Að lokum spurði Jónas hvort það væri ekki kominn tími á að stjórnvöld tækju stóra skrefið í málum sem þessum og sagði neytendur eiga skilið að finnast þeir vera í öruggum höndum þegar þeir eiga viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Fulltrúar þingflokka voru sammála um að skýrslan og vinna nefndarinnar væri af hinu góða. Töldu þeir skýrsluna enn eiga við í dag, þrátt fyrir að hún hafi lítið verið áberandi á undanförunum þremur árum, og að hægt væri að vinna úr þeim tillögum sem nefndin kom með.

Opið hús á Menningarnótt

Eins og undanfarin ár stóðu Neytendasamtökin fyrir opnu húsi á Menningarnótt. Boðið var upp á sögu-sýningu, veitingar í tilefni af fimm ára afmæli Leigjenda-aðstoðarinnar og alls kyns gjafir og kynningarefni frá ECC-netinu. Margir lögðu leið sína á skrifstofuna og þegar mest lét voru á annað hundrað manns í húsnæði samtakanna. Er því augljóst að heimsókn til samtakanna er orðinn fastur liður í Menningarnætur dagskrá margra.



ENDURGREIÐSLA SKILAR SÉR EKKI

Félagsmaður bókaði gistingu og greiddi hana fyrirfram. Hann hætti svo við ferðina og fór þess á leit við gistiheimilið að fá gistinguna endurgreidda. Fyrirtækið samþykkti endurgreiðslu að hluta en hætti svo að svara tölvupóstum félagsmannsins og greiðslan skilaði sér ekki. Eftir að Neytendaaðstoðin hafði samband við gistiheimilið stóð það við boð sitt og endurgreiddi 40.000 krónur.



DULARFULLT SÍMTAL

Félagsmaður hafði samband við Neytendaaðstoðina eftir að innheimtur var hjá honum kostnaður vegna símtals sem átti að hafa átt sér stað á meðan hann var staddur á Kúbu, en samkvæmt reikningi frá fjarskiptafyrirtækinu átti símtalið að hafa varað í eina og hálf klukkustund.

Félagsmaðurinn kannaðist ekkert við að hafa hringt í umrætt símanúmer hér á landi og símtalið var ekki skráð á reikning meints viðmælanda. Fjarskiptafyrirtækið hélt fast í að símtalið hefði átt sér stað og leitaði því félagsmaðurinn eftir aðstoð frá Neytendasamtökunum. Eftir að Neytendaaðstoðin hafði samband við fjarskiptafyrirtækið var reikningurinn dreginn til baka.

Seinkun á flugi

Félagsmaður hafði samband við Neytendaaðstoðina og óskaði eftir aðstoð. Hann hafði verið á ferðalagi með fjölskyldu sinni þegar flugi þeirra frá Kaupmannahöfn til Keflavíkur var seinkað um átta klukkustundir. Fjölskyldan var búin að senda erindi á flugfélagið með kröfu um skaðabætur vegna tafarinnar en engin svör höfðu borist. Neytendaaðstoðin hafði samband við flugfélagið og krafðist staðlaðra skaðabóta fyrir fjölskylduna í samræmi við reglugerð um réttindi flugfarþega. Neytendaaðstoðinni bárust skjót svör frá flugfélaginu sem lofaði að afgreiða kröfuna eins fljótt og hægt væri. Málalok urðu þau að fjölskyldan fékk greiddar samtals 1.600 evrur, eða 400 evrur á hvern farþega, í bætur.



ÓVÆNTIR REIKNINGAR

Kona leitaði til Neytendaaðstoðarinnar vegna samskipta sinna við fjarskiptafyrirtæki sem hafði ítrekað sent henni greiðsluseðla án þess að hún hefði nokkurn tímann verið í viðskiptum við fyrirtækið. Nokkru áður hafði konan verið í viðskiptum við fyrirtæki sem umrætt fyrirtæki yfirtók, en hún hafði þó hætt þeim viðskiptum áður en yfirtakan átti sér stað. Þrátt fyrir það hóf nýja fyrirtækið að senda henni greiðsluseðla mánaðarlega án þess að hún notfærði sér þjónustu þess. Hún hafði sjálf reynt að hafa samband við fyrirtækið og alltaf fengið þau svör að reikningar yrðu felldir niður en það gekk ekki eftir. Að lokum hafði Neytendaaðstoðin samband við fyrirtækið og fór fram á að fá yfirlit yfir reikninga og greiðslur. Í ljós kom að konan hafði greitt nokkra seðla sem hún hafði ekki átt að greiða og var sú fjárhæð endurgreidd. Fyrirtækið felldi útistandandi reikninga jafnframt niður og lofaði að hætta að senda konunni greiðsluseðla.

Dýr bensíndropi

Íslenskur maður hafði verið á ferðalagi á eyjunni Sardiníu þar sem hann tók bensín á bílinn. Hann setti 50 evra seðil í sjálfssala á bensínstöðinni en dældi svo einungis fyrir 24,36 evrur. Maðurinn fór inn á bensínstöðina og bað um afganginn en var bent á að á greiðslukvittuninni væri inneignarnúmer sem hann gæti notað til að greiða með á næstu bensínstöð fyrirtekisins. Manninum reyndist aftur á móti ómögulegt að nota inneignarnótuna til að greiða fyrir bensín á öðrum bensínstöðvum félagsins á eyjunni, þar sem tæknin til að lesa inneignarkóðann á kvittuninni var einungis til staðar á stöðinni þar sem hann fékk inneignarnótuna upphaflega. Þegar maðurinn var kominn aftur heim til Íslands sendi hann tölvupóst á oliufélagið og fór fram á 25,64 evru endurgreiðslu. Oliufélagið synjaði beiðni mannsins um endurgreiðslu en bauð honum nýja inneign hjá bensínstöðvum félagsins með lengri gildistíma. Maðurinn afþakkaði og hafði samband við ECC á Íslandi sem vann málið í samvinnu við ECC á Ítalíu sem hafði samband við oliufélagið. Málalok urðu þau að oliufélagið féllst á að endurgreiða manninum 25,64 evrur.



Sjúkrahúsvist fjarri heimahögum

Íslensk kona á ferðalagi í Austurríki varð fyrir því óláni að drukkinn maður gekk hana niður á götu og þurfti hún í kjölfarið að leita sér aðhlyningar á sjúkrahúsi. Þegar heim var komið fóru konunni að berast reikningar frá sjúkrahúsinu í Austurríki en samkvæmt leiðbeiningum þess lögreglumanns sem annaðist mál hennar þar í landi hafði hún ekki greitt sjúkrahúsreikninginn áður en hún fór úr landi. Nú vildi konan komast að því hvar mál hennar stæði í kerfinu og hvort henni bæri að greiða sjúkrahúsreikninginn. Þó málið ætti ekki beint heima hjá ECC-netinu leitaði ECC á Íslandi eftir aðstoð og upplýsingum hjá systurstöð sinni í Austurríki. Málalok urðu þau að ECC í Austurríki hafði samband bæði við lögregluna og sjúkrahúsið vegna máls konunnar og að lokum kom ECC í Austurríki á samskiptum á milli SOLVIT-stöðvarinnar í Austurríki og SOLVIT-stöðvarinnar á Íslandi um málefni konunnar. Þá mun ECC í Austurríki auk þess hafa auga með máli konunnar þar til því lýkur og stendur konunni til boða að hafa samband við ECC í Austurríki ef hún þarfnast frekari aðstoðar vegna málsins.

Frá Leigjendaaðstoðinni:

Hækkun með litlum fyrirvara

Leigutaki leitaði til Leigjendaaðstoðarinnar þegar leigusali hans hugðist hækka leiguverðið um rúmlega 30% með viku fyrirvara. Um var að ræða ótímabundinn húsaleigusamning sem ekki hafði verið sagt upp, en lögbundinn uppsagnarfrestur slíkra samninga er að minnsta kosti sex mánuðir. Leigutaka var í fyrstu gerð grein fyrir því að leigusali þyrfti að veita honum þann frest áður en hækkun gæti tekið gildi en leigusali féllst ekki á það. Í framhaldinu sendi Leigjendaaðstoðin leigusala bréf og útskýrði fyrir honum þær reglur sem um málið gilda og vísaði jafnframt í álit kærunefndar húsamála. Að lokum dró leigusali hækkunina til baka en sagði þó upp samningnum, þannig að hækkun gæti tekið gildi að uppsagnarfresti liðnum kysu aðilar að gera nýjan samning. Leigutaki kaus þó að flytja úr íbúðinni að frestinum loknum og kom því aldrei til þess að aðilar gerðu nýjan samning með herra leiguverði.



Deilt um sjálfsábyrgð

Í kjölfar vatnstjóns í leiguíbúð, sem bættist samkvæmt húseigendatryggingu leigusala, vildi leigusali að leigutaki greiddi sjálfsábyrgð samkvæmt skilmálum tryggingarinnar. Um var að ræða 85.000 krónur og taldi leigusali sig ekki þurfa að greiða það, enda væri tjónið ekki hans sök heldur leigutaka. Hins vegar var ljóst að tjónið var engan veginn sök leigutaka, heldur kom það til vegna bilunar í blöndunartækjum. Þar sem húsaleigulög eru skýr varðandi það að leigusali beri það tjón sem bættist samkvæmt skilmálum venjulegrar húseigendatryggingar var það mat Leigjendaaðstoðarinnar að leigusali ætti einnig að greiða sjálfsábyrgðina. Eftir að leigutaki hafði samband við leigusala og gerði honum grein fyrir því samþykkti leigusali að draga kröfu sína til baka.



Árni Eðvaldsson

Framboð til formanns

Kæri félagsmaður.

Árni Eðvaldsson heiti ég og ég er ákveðinn í að bjóða fram krafta mína til formanns Neytendasamtakanna. Ástæðan er einfaldlega sú að þarna tel ég verk að vinna og að ég sé rétti maðurinn í þá vinnu. Um sjálfan mig er það að segja að ég er fæddur í vesturbæ Reykjavíkur og er að mestu alinn þar upp. Stundaði sjóinn frá unga aldri. Vann um tíma hjá Þróunarhljálpi Íslands við verkefni á Grænhöfðaeyjum. Fór um tvítugt að læra trésmíði og hef unnið við það í um 33 ár, lengst af sem verkstjóri við byggingafræmdeir hjá stærstu verktafyrirtækjum landsins í mörgum af stærstu verkefnum Íslandsögunnar. Útskrifaður frá Iðnskólanum í Reykjavík með sveinspróf 1984, og frá Meistaraskóla Reykjavíkur sem iðnmeistari 1987. Útskrifaður frá Leiðsöguskólanum sem göngu- og fjallaleiðsögumaður 1997. Hef í yfir tvo áratugi verið starfandi í björgunarsveitum og er útivera og fjallamennska mitt helsta áhugamál. Það má nefna að ég hjólaði í mars sl. þvert yfir Spán, 1500 km Jakobsveginn frá Miðjarðarhafi til Atlantshafs. Fyrir ekki alls löngu reyndi ég mig einnig við 12. hæsta fjall jarðarinnar, sem er 8051m á hæð, þannig að ég læt mér ekki allt fyrir brjósti brenna. Annars helga ég mig mest vinnunni og er það mitt markmið að standa mig vel þar á hvaða sviði sem það annars er og verður. Minn helsti kostur er ósérhlífni, sem er um leið helsti ókosturinn því mér hættir til að gera of mikið sjálfur. Ég á samt gott með að vinna með fólki en get jafnframt unnið mjög sjálfstætt ef því er að skipta. Hef brennandi áhuga á að láta gott af mér leiða á sviði neytendamála því það fólk sem á sárt um að binda þarf að geta fengið sem mest fyrir þá oft litlu aura sem það hefur til ráðstöfunar. Til þess hef ég margar og fjölbreyttar hugmyndir og nokkuð skýr markmið sem munu á tiltölulega skömmum tíma bæta hag okkar allra.



Guðjón Sigurbjartsson

Framboð til formanns

Ég er viðskiptafræðingur með brennandi áhuga á neytendamálum og almannahag, og fjölþætta reynslu úr atvinnulífinu. Meðal starfa eru:

- Yfirmaður fjármála- og rekstrardeildar Félagsmálastofnunar Reykjavíkurborgar, nú Velferðarsvið
- Fjármálastjóri Rafmagnsveitu Reykjavíkur, nú Orkuveita
- Rekstur eigin fyrirtækis, Tanna auglýsingavara, framkvæmdastjóri.

Síðasta árið hef ég helgað mig verkefnum á sviði neytendamála og almannahags, launalaust af áhuga fyrir málefnum. Meðal brýnna hagsmunamála neytenda er fjölbreyttari matvara á betra verði, með opnun á tollfrjálsum innflutningi eins og Neytendasamtökin (NS) vilja. Undir árslok 2015 spurðist út að í undirbúningi væri nýr búvörusamningur til 10 ára með litlum breytingum. Mér ofbauð, tók frumkvæði í málinu, og hvatti forstöðumenn helstu samtaka sem starfa í þágu neytenda, launþega, lífeyrisþega, skattgreiðenda, verslunar og viðskipta til samstarfs um viðbrögð við áformum stjórnvalda. Það gekk eftir. Núverandi formaður NS bauð mér í framhaldinu í félagið og að halda kynningu um verkefnið fyrir stjórn. Í framhaldinu gekk ég til liðs við samtökin og hef setið nokkra stjórnarfundir um landbúnaðarmálin. Sjá viðtal í fréttum Stöðvar 2: <https://gudjonsigurbjarts.wordpress.com/fjolmidlaframkoma/>

Það er brýn þörf á réttisýnni, einbeittri forustu í hagsmunamálum neytenda. Ég er tilbúinn og vel hæfur í það starf.

Ég er fjölskyldumaður og bý í Reykjavík, sjá nánari lýsingu hér: <https://gudjonsigurbjarts.wordpress.com/>



Ólafur Arnarson

Framboð til formanns

Ég er fæddur í Reykjavík 1963. Stúdent frá Menntaskólanum í Reykjavík 1983. Lauk hagfræðiprófi frá Baruch College í New York 1989 og MBA gráðu frá Vanderbilt-háskólanum í Nashville 1996. Ég stundaði blaða- og fréttamennsku með grunnháskólanámi, fyrst á DV og síðan á fréttastofu RÚV. Árið 1990 var ég ráðinn framkvæmdastjóri þingflokks sjálfstæðismanna og 1991-1993 var ég aðstoðarmaður menntamálaráðherra. Vorið 1996 réðst ég sem fjármálastjóri til Procter & Gamble í Frankfurt í Þýskalandi. 1998 varð ég aðstoðarframkvæmdastjóri hjá Dresdner Kleinwort Benson fjárfestingabankanum í London. 1999 tók ég við eignastýringu á Norðurlöndum hjá Lehman Brothers í London.

Ég hef skrifað tvær bækur. Sofandi að feigðarósi kom út í apríl 2009. Skuggi sólkonungs kom út í maí 2014. Frá árinu 2009 hef ég verið virkur þátttakandi í þjóðmálaumræðu hér á landi, bæði í ræðu og riti, m.a. á Bylgjunni, Pressunni, Hringbraut og Tímarími. Ég hef setið í stjórn Neytendasamtakanna frá hausti 2012 og stýrt starfshópi samtakanna um efnahagsmál og fjármál heimilanna. Það er óþolandi að ríkið og framleiðendur skuli gera búvörusamninga, sem fela í sér álögur á neytendur og skert vöruúrval, án þess að ræða við samtök neytenda. Skeytingarleysi íslenskra dómstóla gagnvart réttindum neytenda er óásættanlegt. Lánskjör og gjaldtaka í íslenska bankakerfinu tilheyra öðru sólkerfi en því sem nágrannalönd okkar búa í.

Við erum öll neytendur. Ef við stöndum þétt saman og berjumst fyrir rétti okkar er máttur okkar mikill. Því skiptir máli að fjölga félagsmönnum Neytendasamtakanna og nýta samtakamátt okkar. Rödd okkar þarf að vera skýr og á hana hlustað. Málflutningur okkar byggist á þekkingu, ábyrgð og festu. Ég þekki heim alþjóðlegra viðskipta og fjárfestingabanka innan frá og býð fram mína krafta til að leiða umræðuna.



Pálmey Gísladóttir

Framboð til formanns

Ágæti félagsmaður,
Ég gef kost á mér til formanns Neytendasamtakanna og óska hér með eftir stuðningi þínum til þess mikilvæga embættis. Neytendasamtökin hafa verið og eru samtök sem standa dyggan vörð um réttindi okkar neytenda. Í árunna rás hafa þau sýnt og sannað mikilvægi þess að hér hafi neytendur óskoraðan aðgang að slíkri vernd. Ég hef fylgst með Neytendasamtökunum í gegnum tíðina og leitað til þeirra eftir aðstoð sem alltaf hefur verið góðfúslega veitt. Vægi þeirrar þjónustu sem samtökin veita okkur neytendum verður seint í krónum talið. Mjög hefur reynt á samtökin í árunna rás en sjaldan eins og nú í þeim hremmingum sem við neytendur höfum gengið í gegnum eftir hrun. Þar hafa Neytendasamtökin staðið eins og klettur og varið rétt okkar neytenda. Ég býð mig fram til formanns Neytendasamtakanna vegna þess að ég hef brennandi áhuga á málefnum og réttindum neytenda. Ég ber mikla virðingu fyrir því góða starfi sem Neytendasamtökin hafa unnið í gegnum tíðina og vil taka þátt í að styrkja það enn frekar og vinna neytendum sem best. Ég legg áherslu á að við þurfum að standa vörð um hagsmuni og réttindi neytenda. Sjaldan eða aldrei hefur verið brýnni þörf en nú. Að við upplýsum unga fólk okkar um réttindi þess og hvetjum það til að vera virkt innan Neytendasamtakanna. Að við verðum áfram leiðandi afl í neytendavernd á öllum sviðum í landinu. Að við verðum sjálfsagðir aðilar að öllum þeim nefndum og samráðshópum sem ríkisvaldið stofnar þar sem fjallað er um afkomu neytenda. Neytendasamtökin eru sterk og njóta virðingar í þjóðfélaginu og ég vil taka þátt í að viðhalda því orðspori. Ég vil senda þau skilaboð að Neytendasamtökin standi fyrir trausti í samskiptum og fagmennsku í vinnubrögðum, og standi vörð um réttindi félagsmanna sem aldrei fyrr. Ég mun leggja áherslu á að vinna af fagmennsku og heiðarleika að þeim málum sem varða hagsmuni félagsmanna Neytendasamtakanna. Ég hvet alla félagsmenn til að nýta sér rétt sinn til að hafa áhrif á hver verður næsti formaður Neytendasamtakanna og ítreka ósk um stuðning í það embætti. Stöndum saman og greiðum atkvæði.



Teitur Atlason

Framboð til formanns

Ég heiti Teitur Atlason og býð mig fram til formanns Neytendasamtakanna. Ég er fæddur í Reykjavík árið 1969. Ég lauk stúdentsprófi frá Fjölbautaskólanum í Ármúla árið 1996 eftir töluvert basl. Nokkrum árum síðar skráði ég mig í Háskóla Íslands og lauk BA-prófi úr trúarbragðafræðum árið 2005. Ég hef alltaf haft brennandi áhuga á neytendamálum og hef haldið úti bloggi sem fjallar að stórum hluta um þau. Ég varð því ansi spenntur þegar haft var samband við mig fyrir tæpum tveimur árum og ég beðinn um að bjóða mig fram í stjórn Neytendasamtakanna. Þar var mér tekið opnum örmum og fyrir undarlega háttsemi örlaganna var ég valinn varaformaður samtakanna. Neytendasamtökin standa á tímamótum. Eftir að hafa staðið í stafni í neytendamálum stígur Jóhannes Gunnarsson til hliðar eftir langa setu og nýr kafli blasir við. Neytendamál snerta marga fleti samfélagsins og sem betur fer er neytendapólitík ekki til hægri og ekki til vinstri. Hún beinist fram; snýr að einföldum grundvallaratriðum um rétt og rangt, um kurteisi eða dónaskap, og að því að settum lögum og settum reglum sé fylgt eftir. Ef ég næ kjöri sem formaður Neytendasamtakanna mun ég sækja fram og fjölga félagsmönnum. Styrkur Neytendasamtakanna liggur í fjölda okkar. Við þurfum að sækja til ungs fólk og miða útgáfustarfsemi okkar að skilvirkari leiðum en hingað til. Rödd okkar verður að heyrast skýrar og við eigum að vera frekari til fjörsins ef svo má að orði komast.

Formaður Neytendasamtakanna þarf að fara út í búðirnar. Tala við viðskiptavini. Benda á það sem miður er gert, hrósa því sem vel er gert. Afhenda bæklinga og vera sýnilegur. Ekki bara fyrir neytendur heldur ekki síður fyrir verslunina og þjónustusala. Náandin skapar eftirtekt. Eftirtektin er undanfari þekkingar og þegar hún er komin, og henni fylgir skýr vilji til breytinga, er fátt sem getur stöðvað okkur.



Ása Steinunn Atladóttir

Framboð til stjórnar

59 ára hjúkrunarfræðingur og verkefnisstjóri á sóttvarnasviði Embættis landlæknis.

Menntun: Hjúkrunarfræðingur frá Hjúkrunarskóla Íslands og BS í hjúkrunarfræði frá Háskóla Íslands, diplóma á meistarastigi í lýðheilsuvísindum frá Háskóla Íslands.

Starfsferill: Vann lengst af á Borgarspítalanum Fossvogi, fyrst á gjörgæsludeildinni, en skipulagði svo og annaðist starf við sýkingavarnir í 23 ár. Sóttvarnasvið EL sl. 13 ár.

Félagsmál: Var í upphafi starfsferils varaformaður Hjúkrunarfélags Íslands og sat um árabíl í ritstjórn Hjúkrunarblaðsins. Hef sl. 26 ár tekið virkan þátt í kvenfélagsstörfum og verið formaður kvenfélaga og Kvenfélagasambands Gullbringu- og Kjósarsýslu, og setið í stjórn Kvenfélagasambands Íslands um skeið.

Neytendamál: Var félagsmaður í Neytendasamtökunum um áratugaskeið til 2014 en er nú orðin félagsmaður á ný og býður sig fram til starfa í stjórn samtakanna. „Ég vil að Neytendasamtökun séu áberandi afl í þjóðfélaginu, fræði neytendur og efla neytendavernd“.



Björn Þór Karlsson

Framboð til stjórnar

Ég er 27 ára gamall, uppalinn á Selfossi en bý og starfa í Reykjavík. Ég er stúdent frá Borgarholtsskóla, með BA- og MA-gráðu í lögfræði frá Háskóla Íslands og starfa sem lögfræðingur.

Neytendasamtökin hafa verið áberandi í umræðunni og öflugur málsvari fyrir mikilvæg mál sem nauðsynlegt er að vekja athygli á. Ég býð mig fram vegna þess að við þetta góða starf vil ég styðja og stuðla að því að samtökin eflist og veki frekari áhuga ungs fólks. Í þessu sambandi tel ég samtökin geta eflt aðstoð sína og leiðbeiningu við ungt fólk sem oft er að feta sín fyrstu skref í viðskiptum sem fylgja því um ókomin ár.

Allir eru neytendur á einhvern hátt og þar af leiðandi spannar starfsemi Neytendasamtakanna gríðarmörg svið. Með örum vexti rafrænna viðskipta, snjallsíma-væðingu og öðrum tækninýjungum urðu til ný svið. Ég tel mikilvægt og mun beita mér fyrir því að samtökin verði hér sérstaklega á verði með tilliti til skilmála, persónuupplýsinga og þeirra hætta sem fylgt geta viðskiptum á þessu sviði.



Dominique Plédel Jónsson

Framboð til stjórnar

f. 10. 12. 1948 í París, íslenskur ríkisborgari (búsett á Íslandi síðan 1970)

Menntuð sem landfræðingur frá háskóla í París og hef starfað á margvíslegum sviðum: skipulagsskrifstofu Parísarborgar, verslunardeild franska sendiráðsins á Íslandi, í Danmörku og í Noregi, ferðaskrifstofu, vinnflutningi. Starfar nú sjálfstætt í eigin Vínskóla og sem blaðamaður á Gestgjafanum. Hef verið í stjórn Neytendasamtakanna frá 2012 og í framkvæmdastjórn frá 2014.

Hef verið mjög virk í mörgum félagssamtökum þar fyrir utan: stofnmeðlimur í Slow Food Reykjavík og formaður frá 2008, stofnmeðlimur í Samtökum Lífrænna neytenda, formaður Hollvínasamtaka Ríkisútvarpsins frá 2014. Eins og sést af þessu hafa þessi störf verið unnin af þeirri hugsjón að réttlætis og sanngirni sé gætt gagnvart neytandanum, aðallega varðandi matvæla- og landbúnaðarframleiðslu en einnig varðandi umhverfismál og verðlagsþróun.

Hef sérstaklega góðan aðgang að alþjóðlegu tengslaneti og er trú minni sannfæringu – í þágu okkar neytenda allra.

Fríða Vala Ásbjörnsdóttir

Framboð til stjórnar

Ég sækist eftir áframhaldandi stjórnarsetu í Neytendasamtökunum vegna áhuga á neytendamálum og víðtækrar reynslu á ólíkum sviðum. Ég hef setið í stjórn NS síðustu þrjú kjörtímabil.

Ég er með kennaramenntun; „ernærings- og kostlære“ frá háskólanum í Árósum og lauk BA-námi í heimilishagfræði frá Kennaraháskóla Íslands. Að auki er ég menntaður hússtjórnarkennari. Einnig stundaði ég

nám í Húsmæðraskóla Reykjavíkur. Gegndi ég trúnaðarstörfum fyrir nemendur með námi. Þá hef ég próf í atvinnulífsfélagsfræði frá Háskóla Íslands, HÍ, og lauk þar einnig námi í „leiðtogaþjálfun og verkefnagerð.“ Einnig hef ég erlent próf í fararstjórn.

Menntun mín og starfsreynsla við kennslu, forsögn um matseld og yfirmannsstarf á Borgarspítala hafa veitt mér tækifæri til að kynnast mörgu sem tengist neytendamálum.

Um árabíl hef ég verið í forystu samtakanna Landsbyggðin lífi og Landsbyggðarvina. Þar hefur gefist einstakt tækifæri til að kynnast högum fólks um land allt, ekki síst ungs fólks.

Ég er gift Steingrími Baldurssyni, Ph.D., prófessor emeritus við Háskóla Íslands. Við eigum þrjá syni, Baldur, Héðin og Gunnar.



Guðni Gunnarsson

Framboð til stjórnar

Ég er 47 ára og bý í Kópavogi.

Menntun: Sjávarútvegsfræðingur frá Háskólanum á Akureyri, fiskiðnaðarmaður frá Fiskvinnsluskólanum og er í leiðsögumannanámi í Endurmenntun HÍ.

Ég starfa við greiningar í sjávarútvegi hjá Markó Partners í Reykjavík en hef unnið mestmegnis í sjávarútvegi frá því ég fór fyrst á sjó á 19. ári. Það sem ég hef fram að færa til neytendamála er að hafa búið víða um Ísland og einnig erlendis með fjölskyldu og ég hef þurft að leita réttar míns sem neytandi og upplifa mismunandi viðhorf og áherslur í neytendamálum, bæði hérlendis og erlendis.

Ég er ánægður með störf Neytendasamtakanna og lít á samstöðu neytenda sem mikilvæg kjara- og velferðarmál sem skipta miklu máli, sérstaklega á þeim sviðum þar sem fákeppni er á markaði. Þekking mín og reynsla myndi nýtast Neytendasamtökunum vel og þess vegna býð ég mig fram til stjórnarstarfa.



Gunnar Alexander Ólafsson

Framboð til stjórnar

Ég er 46 ára gamall hagfræðingur. Ég hef setið í stjórn Neytendasamtakanna (NS) frá árinu 2010 og er ritari stjórnar. Ég hef lengi haft áhuga á neytendamálum og hef lagt áherslu á, á vettvangi NS, að berjast fyrir réttindum neytenda gagnvart olúfélögum, bönkum og opinberum aðilum. Að ráðast gegn hagsmunum neytenda birtist ekki eingöngu í fákeppni á markaði, heldur líka í skerðingu á þjónustu, háum þjónustugjöldum (bæði fyrirtækja og opinberra aðila), ógegnsærri verðlagningu og viðskiptahindrunum af ýmsu tagi. Neytendavernd er endalaus og lifandi barátta sem er drifin áfram af fólki sem vill heilbrigðara samfélag. Að mínu mati á sú stjórn sem kjörin verður á næsta þingi Neytendasamtakanna að leggja höfuðáherslu á að efla samtökin, fjölga félögum og efla samstarf við samtök eins og ASÍ og FÍB, sem berjast hvert með sínum hætti fyrir rétti neytenda. Ég sækist eftir endurkjöri í stjórn Neytendasamtakanna næstu tvö árin.



Katrín Þorvaldsdóttir

Framboð til stjórnar

Ég hef haft áhuga á neytendamálum í 40 ár, sérstaklega þó því sem viðkemur matvælum, íblöndunarefnum þeirra, hreinleika matvæla og síðast en ekki sízt tollamálum. Ég stundaði nám í alþjóðaviðskiptum í Frakklandi, þar sem ég bjó lengi og neytendavernd er mjög sterk. Eftir að ég flutti aftur til Íslands hef ég starfað við útflutning sjávarafurða og kynnst matvælageiranum nokkuð vel í gegnum starf mitt. Önnur hugðarefni mín eru t.d. ferðalög, þjóðmál og dýravernd, en ég átti þátt í að endurvekjja Dýraverndunarfélag Hafnfirðinga og sit þar í stjórn. Ég býð mig

fram til stjórnar Neytendasamtakanna fyrir tímabilið 2016 - 2018, þar sem mig langar til að leggja betur hönd á plóg og er sannfærð um að reynsla mín gæti komið félaginu að gagna.



Ragnar Unnarsson

Framboð til stjórnar

Ég er 37 ára tveggja barna faðir. Ég býð mig fram í stjórn NS. Ég er menntaður ferðamarkaðsráðgjafi og starfa sem leiðsögumaður í dag bæði hér á Íslandi og erlendis. Ég hef verið virkur hjá Samtökum lífrænna neytenda og Hagsmunasamtökum heimilanna. Einnig hef ég verið virkur hjá Hraunavinum og hjá Heilsufrelsisamtökunum á Íslandi. Ég tel að það þurfi að gæta vel að hag neytenda á Íslandi og auka aðhald innflytjenda og framleiðenda.



Sigurður Másson

Framboð til stjórnar

Ég heiti Sigurður Másson og er fæddur og uppalinn í Neskaupstað. Ég lauk BA-prófi í stjórn málafræði frá Háskóla Íslands árið 1994. Eftir að námi í háskólanum lauk hef ég starfað í kringum tölvur, fyrst við sölu- og markaðsstörf og síðar sem sérfræðingur í upplýsingaöryggi. Nú leiði ég þróunarhóp innan Advania sem þróar lausnir í tengslum við rafræn skilríki og rafrænar undirritanir. Ég hef lengi verið virkur í ýmsum félagsmálastörfum og hef gegnt þar ýmsum trúnaðarstörfum. Má þar helst nefna að ég var formaður æskulýðsdeildar Norræna félagsins, formaður Föreningen Nordens Ungdom, forseti Norðurlandaráðs þings æskunnar og varaforseti Nordiska Centerungdomens Förbund. Ég hef verið virkur í stjórn NS síðan 2010 og var í framkvæmdastjórn samtakanna síðastliðið kjörtímabil. Sit í stjórn staðlaráðs fyrir hönd NS þar sem ég held uppi sjónarhorni neytenda við gerð staðla. Hef brennandi áhuga á neytendamálum þar sem ég vil efla hag neytenda sem og að berjast fyrir aukinni siðrænni neyslu.



Stefán Hrafn Jónsson

Framboð til stjórnar

Ég er prófessor í félagsfræði við Háskóla Íslands þar sem ég m.a. sit í Háskólaráði og er formaður námsbrautar í félagsfræði. Ég er einnig formaður Félagsfræðingafélags Íslands. Áður starfaði ég m.a. á Lýðheilsustöð. Áhugi minn á neytendamálum er drifinn áfram af mikilli réttlætiskennd sem og áhuga á sköpun og miðlun þekkingar. Þessi svið félagslegra samskipta eru einnig afar mikilvæg í háskólasamfélaginu. Ég tel að töluverður ójöfnuður ríki þegar einstaklingar eiga viðskipti við fyrirtæki. Fyrirtæki hafa yfir að ráða ýmsum sérfræðingum, t.d. í markaðsmálum og lögfræði, en neytandinn treystir oft aðeins á eigin dómgreind. Í því ljósi tel ég að almenningur vanmeti mikilvægi Neytendasamtakanna þegar hugað er að baráttu fyrir réttlátari viðskiptaháttum. Í viðskiptum eru sanngirni og heiðarleiki því miður ekki alltaf í hávegum höfð. Ég hlakka til að starfa með Neytendasamtökunum til að efla hag neytenda í íslensku samfélagi.



Stella Hrönn Jóhannsdóttir

Framboð til stjórnar

Ég er háskólamenntuð tveggja barna móðir, búsett í Hveragerði. Ég starfa sem heilbrigðisfulltrúi hjá Heilbrigðiseftirliti Suðurlands. Ég hef setið í stjórn Neytendasamtakanna sl. 4 ár. Siðræn neysla er mér sem neytanda mjög hugleikin, en í þeirri ofgnótt varnings og þjónustu sem er í boði er erfitt að vera meðvitaður og virkur neytandi. Lykilatriði siðrænnar neyslu er annars vegar gott aðgengi að upplýsingum frá framleiðendum og seljendum og hins vegar að verðmyndun á markaði sé gegnsæ og eðlileg, þannig að neytendur greiði sanngjarnt endurgjald fyrir þær vörur og þjónustu sem þeir taka ákvörðun um að kaupa og að báðir aðilar gangi frá viðskiptunum með góðri samvisku. Neytendasamtökin gegna mikilvægu hlutverki í að vekja neytendur til umhugsunar um m.a. siðræna neyslu, að miðla til þeirra upplýsingum og að gæta hagsmuna þeirra þegar á þá hallar. Ég vil vinna áfram að vexti samtakanna og virðingu og styrkja það góða starf sem þar er unnið.



Þórey S. Þórisdóttir

Framboð til stjórnar

Markmið mitt með framboði til stjórnar samtakanna er að halda áfram að byggja upp það öfluga starf sem unnið hefur verið innan samtakanna og efla það enn frekar með góðri stefnumörkun og markaðshugsun. Ég er viðskiptafræðingur frá Háskóla Íslands, með meistaraþráðu frá sama skóla í alþjóðaviðskipta- og markaðsfræði ásamt diplómaþráðu í góðir stjórnhættir viðurkenndir stjórnarmenn. Í dag starfa ég sjálfstætt, rek eigið ráðgjafafyrirtæki og sé m.a. um að veita ráðgjöf til einstaklinga og lítilla og meðalstórra fyrirtækja. Ég hef mikinn áhuga á sjálfbærni fyrirtækja á íslenskum markaði og hef hug á að stunda rannsóknir við Háskóla Íslands í þeim efnum. Þá starfa ég í viðskiptanefnd FKA, er meðstjórnandi í barna- og unglingaráði hjá knattspyrnufélaginu Haukar Hafnarfirði. Ég hef mikla stjórnunarreynslu og starfaði lengi á neytendamarkaði við verslun og þjónustu og hef því góða þekkingu í málum er snúa að neytendum.

Gæðakönnun á spjalddölvum

- Samsung og Apple enn á toppnum

Um miðbik ágúst mánaðar kannaði Neytendablaðið framboð á spjalddölvum. Niðurstaðan er sú að þeir sem eru að velta fyrir sér kaupum á spjalddölvu hafa úr mörgu að velja. Þurfi einnig að taka ákvörðun um hvort spjalddölvu eða hefðbundin fartölva verður fyrir valinu er áhugasömum bent á umfjöllun um fartölvur og spjalddölvur í síðasta tölublaði Neytendablaðsins.

Markaðskönnun

Í ljós kom að samtals eru 95 mismunandi spjalddölvur til í þeim 13 verslunum sem könnunin náði til. Verð var kannað á heimasíðum verslananna. Ódýrasta spjalddölvun kostaði 9.990 kr. og er hún með 7" skjá og 8 GB harðan disk. Sú dýrasta kostar 449.000 kr. og er hún með 12,3" skjá og 512 GB harðan disk. Í sumum tilvikum fylgja aukahlutir með í kaupunum, eins og pennar, lykklaborð og/eða tengikví (dokkur). Markaðskönnunin er birt á heimasíðu Neytendasamtakanna, ns.is, á læstum síðum fyrir félagsmenn en lykilorðið er birt neðst á bls. 2 í þessu blaði. Þar koma fram upplýsingar um tegundir, verð, stærð á vinnsluminni og hörðum diskum og loks hvort tölvun sé með 3G/4G (til að komast á netið án þess að nota þráðlausa tengingu). Sömu tegundir spjalddölvu fást oft í fleiri en einni verslun og á það ekki síst við um spjalddölvur frá Apple og Samsung. Oft er verðmunur verulegur á milli verslana og því borgar sig fyrir væntanlega kaupendur að skoða markaðskönnunina.

Gæðakönnun

Af þeim spjalddölvum sem fundust hér á markaði voru 54 í gæðakönnun ICRT. Í 1. – 2. sæti gæðakönnunarinnar, með 4,7 í heildareinkunn, eru Samsung Galaxy tölvur. Í raun er um sömu vélina að ræða en tengimöguleikar við netið eru mismunandi. Í 3.-8. sæti, með 4,6 í heildareinkunn, eru Apple iPad Pro spjalddölvur, en verð þeirra er nokkuð mismunandi eftir því hve minnið er stórt og hvaða tengimöguleikar við internet eru til staðar. Þetta er svipað og í síðustu gæðakönnun, sem birt var í 2. tbl. 2015, en þá röðuðu Apple og Samsung sér einnig í efstu sætin. Það vekur athygli að spjalddölvurnar tvær frá Samsung kosta 69.990 kr. og 89.900 kr. en spjalddölvurnar sex frá Apple kosta frá 104.995 kr. og upp í 183.995 kr.

Hvað var kannað?

Heildareinkunnin er sett saman úr eftirfarandi þáttum:

Afköst 10%

Athugað er hversu langan tíma tekur að kveikja á spjalddölvunni og hvort eitthvert hik eða hægagangur sé við notkun hennar. Jafnframt er kannað hversu langan tíma tekur að færa gögn á milli staða við notkun spjalddölvunnar. Notaðir eru mismunandi staðlar við mælingu á hraða og virkni.

Skjár 15%

Kannað er hversu stór hluti af skjánum er nýtanlegur. Þá er upplausn sérstaklega athuguð, hámarksbirta og hversu vel sést á skjáinn við mismunandi aðstæður, svo sem við eðlilega birtu, mikla birtu inni, mikla birtu úti og kolniðamyrkur. Athugað er hversu mikill glampi kemur á skjáinn við sömu aðstæður og hversu vel sést á hann frá mismunandi sjónarhornum. Allar prófanir á gæðum skjásins fara fram við lestur bókar með spjalddölvunni.

Þægindi 25%

Athugað er hversu aðgengilegir mikilvægir takkar eru, t.a.m. stilling á hljóðstyrk, hversu auðvelt er að nota vafra og hversu auðvelt er að framkvæma mismunandi aðgerðir. Einnig er athugað hversu þægilegt er að nota spjalddölvuna við mismunandi aðstæður, t.d. við að sitja með hana í kjöltunni, halda á henni í höndunum og ferðast með hana. Einnig er kannað hversu greiðlega gengur að nota mörg mismunandi forrit á sama tíma og jafnframt hversu mörg forrit spjalddölvun byður upp á.

Sérstök verk 25%

- Hvernig gengur að horfa á myndbönd?
- Hvernig gengur að hlusta á tónlist?
- Hversu góð er myndavélin?
- Hvernig gengur að nota tölvuna sem e-bókalesara?
- Hversu vel virkar netið?
- Hversu vel virkar tölvupóstur?

Annar útbúnaður 10%

Athugað er hvort 3G eða 4G virkni sé innbyggð í spjalddölvuna og hversu margir tengimöguleikar séu til staðar, t.d. USB, microUSB, Bluetooth og fleira. Einnig er kannað hversu mikið vinnsluminni og geymslupláss er í tölvunni og hvort hægt sé að stækka geymsluplássið með microSD kubbi.

Rafhlaða 15%

Athugað er hvort boðið er upp á að hlaða í gegnum USB og hvort hægt sé að skipta um rafhlöðu. Kannað er hvort vandamál með ofhitnun eigi sér stað. Einnig er athugað hversu lengi fullhlaðin rafhlaða endist en hún er prófuð við mismunandi aðstæður, t.d. þegar horft er á kvikmynd eða notað er þráðlaust net.



Samsung Galaxy Tab S2 fékk hæstu einkunn, eða 4,7, í gæðakönnuninni.



Apple iPad Pro fékk næsthæstu einkunn, eða 4,6, í gæðakönnuninni.

Vöruerki	Lægsta verð	Heildar-einkunn 100%	Afköst 10%	Skjár 15%	Þægindi 25%	Sérstök verk 25%	Annar útbúnaður 10%	Rafhlaða 15%
Samsung Galaxy Tab S2 9,7" 4G	89.900	4,7	4,4	5,1	5,2	4,7	4,6	3,9
Samsung Galaxy Tab S2 9,7" Wifi	69.990	4,7	4,4	5,1	5,2	4,7	4,6	3,9
Apple iPad Pro 9,7" 4G 128GB	157.995	4,6	4,6	5,0	5,0	4,8	3,6	3,9
Apple iPad Pro 9,7" WiFi 128GB	133.995	4,6	4,6	5,0	5,0	4,8	3,6	3,9
Apple iPad Pro 9,7" 4G 32GB	128.995	4,6	4,6	5,0	5,0	4,8	3,6	3,9
Apple iPad Pro 9,7" WiFi 32GB	104.995	4,6	4,6	5,0	5,0	4,8	3,6	3,9
Apple iPad Pro 9,7" 4G 256GB	183.995	4,6	4,6	5,0	5,0	4,8	3,6	3,9
Apple iPad Pro 9,7" WiFi 256GB	158.995	4,6	4,6	5,0	5,0	4,8	3,6	3,9
Apple iPad Mini 4 4G 64GB	109.990	4,4	3,9	4,8	5,0	4,4	3,5	3,9
Apple iPad Mini 4 Wifi 16GB	67.990	4,4	3,9	4,8	5,0	4,4	3,5	3,9
Apple iPad Mini 4 4G 16GB	89.990	4,4	3,9	4,8	5,0	4,4	3,5	3,9
Apple iPad Mini 4 Wifi 64GB	89.990	4,4	3,9	4,8	5,0	4,4	3,5	3,9
Apple iPad Mini 4 Wifi 128GB	109.990	4,4	3,9	4,8	5,0	4,4	3,5	3,9
Apple iPad Mini 4 4G 128GB	134.990	4,4	3,9	4,8	5,0	4,4	3,5	3,9
Microsoft Surface Pro 4 M3 4GB 128	199.900	4,3	5,0	5,0	4,2	4,5	4,2	3,3
Apple iPad Air 2 4G 16GB	89.990	4,3	4,6	4,5	4,7	4,6	3,4	3,5
Apple iPad Air 2 4G 64GB	109.990	4,3	4,6	4,5	4,7	4,6	3,4	3,5
Apple iPad Air 2 4G 128GB	128.990	4,3	4,6	4,5	4,7	4,6	3,4	3,5
Microsoft Surface Pro 4 i7 8 GB 256GB	349.000	4,3	5,1	5,0	4,1	4,5	4,2	3,2
Microsoft Surface Pro 4 i7 16 GB 256GB	379.900	4,3	5,2	5,0	4,1	4,4	4,2	3,3
Microsoft Surface Pro 4 i7 16 GB 512GB	449.900	4,3	5,2	5,0	4,1	4,4	4,2	3,3
Apple iPad Air 2 WiFi 64GB	89.990	4,3	4,6	4,5	4,7	4,6	3,4	3,5
Apple iPad Air 2 WiFi 16GB	69.895	4,3	4,6	4,5	4,7	4,6	3,4	3,5
Apple iPad Air 2 WiFi 128GB	99.990	4,3	4,6	4,5	4,7	4,6	3,4	3,5
Microsoft Surface Pro 4 i5 8 GB 256GB	279.990	4,3	4,8	5,0	4,2	4,5	4,2	3,3
Microsoft Surface Pro 4 i5 4GB 128GB	219.900	4,3	5,1	5,0	4,2	4,4	4,2	3,3
Apple iPad Pro 12,9" 4G 128GB	194.995	4,3	4,9	5,0	4,6	4,3	3,2	3,4
Apple iPad Pro 12,9" WiFi 32GB	149.990	4,3	4,9	5,0	4,6	4,3	3,2	3,4
Apple iPad Pro 12,9" Wifi 128GB	177.995	4,3	4,9	5,0	4,6	4,3	3,2	3,4
Lenovo Tab 2 A10-70 16GB	39.995	4,2	2,6	4,5	4,8	4,3	4,0	4,1
HTC Nexus 9	64.995	4,1	3,9	4,4	4,7	4,4	3,3	3,1
Lenovo Tab 2 A10-30F	29.900	4,1	2,4	3,7	4,8	4,1	4,0	4,6
Microsoft Surface Pro 3 12" 512GB	399.990	4,1	5,2	3,7	4,2	4,6	4,0	2,8
Sony Xperia Z4 10,1" 4G	124.995	4,1	4,0	4,0	4,5	4,1	4,5	3,5
Sony Xperia Z4 10,1" Wifi	104.995	4,1	4,0	4,0	4,5	4,1	4,5	3,5
Microsoft Surface 3 4GB 64GB	119.995	4,1	4,2	4,2	4,0	4,4	4,1	3,5
LG G PAD 7"	26.900	4,0	3,3	3,7	4,8	4,2	3,8	3,4
Samsung Galaxy Tab A 4G	44.995	3,8	3,1	2,8	4,7	4,2	4,1	4,9
Asus Transformer Pad TF300TG	69.995	3,8	3,5	3,6	4,3	4,2	3,8	2,6
Samsung Galaxy Tab 4 7" Wifi	34.990	3,8	3,0	3,7	3,9	4,2	3,7	3,5
Asus ZenPad C 7" 16GB	29.995	3,8	2,0	3,9	4,6	3,7	4,4	3,0
Asus ZenPad 10,1" 16GB 4G	69.995	3,8	2,0	3,9	4,6	3,7	4,4	3,0
Samsung Galaxy Tab A Wifi	39.900	3,7	3,1	2,8	4,7	4,2	4,1	4,4
Asus Nexus 7	44.995	3,6	2,7	3,4	4,2	3,7	3,6	3,7
Asus ZenPad 10,1" Z300C 16GB	49.995	3,6	2,0	3,5	4,1	3,9	4,1	3,3
Asus ZenPad 10,1" 32G 4G	89.995	3,6	2,0	3,5	4,1	3,9	4,1	3,3
Asus MemoPad HD7 16GB	19.995	3,4	2,9	2,9	3,8	4,3	3,7	3,3
Lenovo Miix 310 10,1" 32GB	59.899	3,2	3,9	2,6	4,3	3,9	4,1	2,8
Lenovo Tab 3 A7-10F	14.990	3,2	2,4	2,8	4,0	4,1	3,9	3,0
Asus Transformer Pad TF701T	59.995	3,2	3,9	2,2	4,4	3,9	3,9	4,0
Asus FonePad 7"	44.995	3,1	3,2	2,4	4,3	4,2	3,8	3,0
Asus MemoPad 7" 16GB	14.995	3,0	3,7	2,3	3,7	3,7	4,4	3,1
Acer Iconia W1-810-17FE	34.990	2,8	4,0	2,5	3,2	3,6	3,6	3,0
Lenovo Tab 2 A7-10F	14.990	2,8	2,4	2,4	3,5	3,5	3,5	3,7

Gefnar eru einkunnir á kvarðanum 0,5-5,5. Þar sem 0,5 er lakast og 5,5 er best.

Ferðamannaleiga

-Hverju breyta nýjar reglur?

Á undanförunum árum hefur umræðan um hina svokölluðu „ferðamannagistingu“ verið hávær hér á landi og virðist fjöldi þeirra sem stunda slíka útleigu sífellt aukast. Þegar einstaklingur ætlar að stíga skrefið til fulls og hefja útleigu á íbúð sinni til ferðamanna, í nokkra daga í senn, rekst viðkomandi á þann aragrúa leyfa og úttekta sem þarf að afla sér áður en útleigan getur hafist. Það eru nefnilega margir sem gera sér ekki grein fyrir því að um slíka „ferðamannagistingu“ gilda sömu reglur og um gistiheimili, enda er í báðum tilvikum um atvinnustarfsemi að ræða. Fasteignagjöld viðkomandi íbúðar margfaldast við skráningu hennar sem „gistiheimili“ og leita þarf til ýmissa aðila eftir úttekt á húsnæðinu, sem hefur útgjöld í för með sér. Einnig þarf að greiða virðisaukaskatt af útleigunni og tekjuskatt af öllum þeim tekjum sem til falla. Það er löngu vitað að vegna þessa hafa margir séð hag sínum betur borgið með því að afla sér ekki þessara leyfa og leigja íbúð sína út í andstöðu við lög og reglur. Á sama tíma hafa þessir einstaklingar ekki gefið þær tekjur sem koma til af útleigunni upp til skatts, enda gæti slíkt vakið athygli yfirvalda á hinn ólögmetu starfsemi.

Leigjendaaðstoð Neytendasamtakanna hefur, ásamt mörgum öðrum aðilum, haft miklar áhyggjur af þessu ástandi. Leigjendaaðstoðin hefur kallað eftir breyttu regluverki og auknu eftirliti með þeim sem hafa ekki aflað sér tilskilinna leyfa en stunda þrátt fyrir það útleigu til ferðamanna. Það er staðreynd að þetta hefur haft slæm áhrif á húsnæðismarkaðinn á Íslandi og hefur hækkað markaðsverð húsaleigu gríðarlega, enda hefur þetta mikil áhrif á framboð fasteigna á leigumarkaði.

Ferðamenn í fjölbýlishúsum

Á árunum 2014 og 2015 jókst framboð gistirýma í gegnum heimasíðuna AirBnB.com um 126 prósent. Meðalverð á nótt í Reykjavík er 17.500 krónur og því getur einstaklingur sem kys frekar að stunda útleigu til ferðamanna fengið með því mun hærra leiguverð fyrir íbúð sína í hverjum mánuði heldur en með útleigu

hennar á almennum leigumarkaði, sé hún í stöðugri útleigu. Hins vegar þarf að taka með í reikninginn þá auknu vinnu sem felst í því að reka útleigu til ferðamanna, þá auknu áhættu sem af því stafar og þau óþægindi sem slíkt skapar fyrir nágranna ef um fjöleignarhús er að ræða. Með þetta í huga má nefna dóm sem féll í héraðsdómi Reykjavíkur í vor þar sem niðurstaðan var sú að samþykki allra eigenda þurfi til svo leigja megi út íbúð í fjöleignarhúsi til ferðamanna. Var það mat dómsins að þetta breyti hagnýtingu íbúðarinnar svo verulega að það sé skilyrði að samþykki allra liggja fyrir. Málinu hefur nú verið áfrýjað til Hæstaréttar en verði niðurstaðan staðfest þar þýðir þetta að allir þeir sem stunda útleigu til ferðamanna í fjöleignarhúsi, óháð því hvort öll tilskilin leyfi séu fyrir hendi eða ekki, þurfa samþykki allra eigenda svo hægt sé að halda útleigu áfram sé ónæði talið mikið. Ef ónæði er talið lítið myndi samþykki meirihluta eigenda duga. Það fer eftir aðstæðum hverju sinni hvers konar ónæði hlýst af slíkri útleigu, en gera má ráð fyrir að ónæði geti talist lítið ef íbúð hefur sér inngang o.s.frv.

Hvað segja nýjar reglur?

Um næstu áramót taka gildi breytingar á lögum um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald sem gera einstaklingum kleift að leigja út íbúðir sínar í 90 daga á ári án þess að þurfa þann hafsþjóf af leyfum sem þarf í dag. Eftir að lögín taka gildi getur einstaklingur starfrækt heimagistingu með því einu að skrá sig sérstaklega hjá sýslumanni og greiða sérstakt skráningargjald.



Viðkomandi fasteign þarf að vera samþykkt sem íbúðarhúsnæði og fullnægja skilyrðum laga um hollustuhætti og mengunarvarnir. Þá mega leigutekjur af íbúðinni ekki fara yfir tvær milljónir króna á ári. Þeir sem skrá íbúð sína í þessum tilgangi fá úthlutað sérstöku númeri sem yfirvöld geta notað við eftirlit sitt. Þetta á að gera markaðinn aðgengilegri fyrir yfirvöld og hvetja einstaklinga til þess að gefa tekjur sínar af rekstrinum upp til skatts. Eftir að lögin taka gildi þurfa einstaklingar sem hafa stundað útleigu til ferðamanna að gera upp við sig hvort þeir vilja halda því áfram, og fá þar með að hámarki tvær milljónir króna í tekjur af íbúðinni, eða leigja íbúðina út á almennum leigumarkaði. Þeir einstaklingar sem standa í útleigu til ferðamanna í dag án þess að hafa aflað sér tilskilinna leyfa eru þrátt fyrir allt að stunda ólögmdæta starfsemi og undanfarið hafa yfirvöld aukið eftirlit sitt og farið í óvæntar heimsóknir. Það getur haft afleiðingar í för með sér ef aðilar eru gómaðir við starfsemi af þessu tagi. Telja verður átak yfirvalda nauðsynlegt til þess að sporna við því gullgrafaraæði sem hefur

fylgt auknum ferðamannastraumi til landsins, en hafa verður í huga að aukin ferðamannaleiga á íbúðarhúsnæði kemur sér mjög illa fyrir húsnæðismarkað á Íslandi og þá sérstaklega leigumarkaðinn.

Úr niðurstöðu héraðsdóms

„Að mati dómsins er ótvírætt að með þeirri starfsemi sem stefndu reka í séreignarhlutum sínum hefur orðið breyting á eðli sambýlis í húsinu, þar sem varanleg búseta hefur vikið fyrir skammtíma gististarfsemi ... Samkvæmt framangreindu, og með vísan til vitnisburðar við aðalmeðferð málsins, þykir sýnt að skertir hafi verið hagsmunir íbúa fjöleignarhússins til að fá notið eigna sinna í friði og án truflunar og í samræmi við það sem í upphafi var gert ráð fyrir og þau máttu reikna með.“

Fjarsímanotkun erlendis

Á ferðalögum erlendis er mikilvægt að vera meðvitaður um þann kostnað sem fylgt getur farsímanotkun. Ef ferðast er innan evrópska efnahagssvæðisins (EES) eru sérstakar reglur sem gilda um fjarskipti. Þessar reglur gilda einungis innan EES og gilda því ekki þegar Evrópubúar ferðast t.a.m. til Evrópulanda sem ekki eru innan EES (Tyrklands, Rússlands o.s.frv.), Bandaríkjana eða Asíu. Til að geta notað farsíma erlendis þarf að tengjast farsímakerfi í viðkomandi landi. Eigandi farsímakerfisins rúkkar svo þjónustuaðila farsímanotandans í heimalandi hans fyrir þá þjónustu. Þessi tilhögun er gjarnan nefnd reiki, eða roaming. Fjarskiptafyrirtæki eru ekki lengur með sérstaka verðskrá fyrir notkun farsíma og annarra fartækja í reiki innan EES-svæðisins, þess í stað mun verð fyrir þessa þjónustu vera í samræmi við innanlandsverðskrá þeirrar áskriftar sem hver viðskiptavinur hefur hjá viðkomandi farsímafyrirtæki að viðbættu sérstöku álagi sem er mismunandi eftir tegund notkunar. Þetta þýðir að notandi sem staddur er t.d. á Spáni og hringir í annan farsíma á Spáni, eða síma í öðru landi innan EES-svæðisins, mun borga samkvæmt innanlandsverðskrá síns fjarskiptafyrirtækis á Íslandi, að viðbættum 5 evrusentum, eða 8,71 kr. álagi samkvæmt gengi sem fest hefur verið vegna reiknotkunar til 1. júlí 2017.

Álag vegna notkunar í reiki innan EES eftir breytinguna þann 1. ágúst 2016:	
Að hringja úr farsíma/mín	5 €cent/8,71 kr.
Að svara símtali/mín.	1,14 €cent/1,98 kr.
Hvert sent SMS	2 €cent/3,48 kr.
Hvert mótttekið SMS	Fritt
Gagnamagnsnotkun/MB	5 €cent/8,71 kr.



AUKINN INNFLUTNINGUR LANDBÚNAÐARVARA

- Hagsmunir neytenda í húfi

Nú liggur fyrir Alþingi þingsályktunartillaga um staðfestingu samnings Íslands og Evrópusambandsins um viðskipti með landbúnaðarvörur, gagnkvæma niðurfellingu og lækkun tolla. Það er mat samtakanna að samningurinn muni leiða til fjölbreyttara vöruúrvals og aukinnar samkeppni, til hagsbóta fyrir neytendur, en æskilegt hefði verið að taka stærra skref í gagnkvæmri niðurfellingu á tollum á kostnað tollfrjálsra innflutningskvóta. Samtökin hafa ítrekað gert athugasemdir við það fyrirkomulag að innflytjendur bjóði í það takmarkaða magn landbúnaðarvara sem heimilt er að flytja inn. Slíkt útboðsfyrirkomulag gerir það að verkum að útboðsgjaldið sem innflutningsfyrirtækin verða að greiða fyrir tollkvótann étur upp hag neytenda af tollfrelsinu. Neytendasamtökin hafa kallað á annað fyrirkomulag varðandi úthlutun á tollkvótum og ávallt komist að þeirri niðurstöðu að heppilegast sé að gera það með hlutkesti. Samningurinn er að mati samtakanna til þess fallinn að

auka samkeppni og lækka verð til neytenda, en það á sérstaklega við um vörur í þeim tollskrárnúmerum þar sem tollar falla niður, vörur eins og t.d. franskur kartöflur, fyllt pasta, pizzur, kex og súkkulaði. Töluvert meiri vafi leikur á um það hvort nokkur lækkun skili sér til neytenda þegar um er að ræða vörur sem háðar eru tollkvótum. Þá er ástæða til að benda á að samningurinn tekur ekki á ýmsum algengum landbúnaðarvörum og þar af leiðandi er háum verndartollum á þessum vörum viðhaldið; þetta á við um t.d. jógúrt, osta, kæfu, ís, smjörva, skinku og pylsur.

Samningurinn hefur mætt harðri og óvæginni andstöðu og gagnrýni frá hagsmunaaðilum í landbúnaði, Samtökum iðnaðarins (SI) o.fl. Helsta gagnrýnin felst í því að með samningnum sé grafið undan íslenskum landbúnaði, fluttar verði inn landbúnaðarvörur sem mun minni kröfur séu gerðar til en til innlendrar framleiðslu og að samningurinn auki enn við Vistspor landsins. Þá er það gagnrýnt að með samningnum verði grafið undan samkeppnishæfni innlendra framleiðenda sem nota landbúnaðarhráfni í framleiðslu sína með því að fella niður tolla á fullunnum vörum í innflutningi á meðan ekki standi til að fella niður tolla á hráefni til innlendrar framleiðslu.

Óskiljanleg afstaða hagsmunaaðila

Upphaf þeirra samningsviðræðna sem voru grundvöllur að þeim samningi sem nú liggur fyrir má rekja til þess að Landssamtök sláturleyfishafa, Samtök afurðastöðva í mjólkuriðnaði (SAM), Svínaræktarfélag Íslands og einstakir alifuglaræktendur fóru þess á leit við stjórnvöld að þau beittu sér fyrir samningum við ESB um stærra tollfrjálsan útflutningskvóta fyrir afurðir þeirra á markaði sambandsins. Í viðræðum stjórnvalda við ofangreinda hagsmunaaðila var þeim frá upphafi gert



Það er mat samtakanna að samningurinn muni leiða til fjölbreyttara vöruúrvals og aukinnar samkeppni, til hagsbóta fyrir neytendur

Ijóst að ef til nýrra samninga við ESB kæmi mætti gefa sér að Ísland yrði að gera ívilnanir á mótí þeim ívilnunum sem ESB veitti. Þegar litið er til þess að farið var í samningaviðræður við ESB um gagnkvæman innflutning á landbúnaðarvörum að ósk Félags kjúklingabænda, Svínaræktarfélags Íslands, Samtaka afurðarstöðva í mjólkuriðnaði (SAM) o.fl., verður hin afar neikvæða afstaða þeirra til samningsins nánast óskiljanleg, sérstaklega í ljósi þess að í samningnum eru t.d. ekki felldir niður tollar á þeim vörum sem teljast viðkvæmar í íslenskum landbúnaði, þ.e. kjöti og mjólkurafurðum, heldur eru ívilnanir í þeim tilvikum veittar í formi tollfrjálsra kvóta. Þá er vert að benda á að nú þegar er flutt inn nauta-, svína-, og alifuglakjöt þannig að verðþrýstingur vegna innflutnings þeirra vara er þegar kominn fram að töluverðu leyti. Þá er í samningnum hvorki samið um innflutning á lambakjöti né eggjum. Sá aukni ostakvóti inn til landsins, sem kveðið er á um í samningnum, gæti þó hugsanlega tekið hluta markaðsaðildar af innlendum ostum, en þá einungis ef markaðsurinn stendur í stað. Á því eru nánast engar líkur í ljósi fólksfjölgunar og stóraukins straums ferðamanna til landsins. Neytendasamtökin telja að nýta hefði átt tækifærið sem í samningsviðræðunum fólst betur og ganga enn lengra en gert er með því t.d. að fella niður alla tolla á landbúnaðarframleiðslu sem ekki á sér stað hér á landi eins og t.d. osta sem unnir eru úr geitamjólk. Þetta á ekki síst við í ljósi þess hve langur tími hefur liðið á milli endurskoðunar samninga. Varðandi lækun og afnám innflutningstolla af fullunnum vörum sem eru framleiddar úr landbúnaðarhráefnum, eins og t.d. súkkulaði og bökunarvörur, benda samtökin á að fjármálaráðherra hefur heimild til að fella niður tolla af hráefni til iðnaðarframleiðslu. Þá er fólksfjölgun á landinu nokkur og ferðamönnum sem til landsins koma fjölgar stöðugt, sem leiðir til aukinnar neyslu.



Gera verður sömu kröfur og til innleðrar framleiðslu

Eitt helsta umkvörtunarefni þeirra sem eru á mótí samningnum er að með honum verði heimilaður innflutningur landbúnaðarvara sem uppfylli ekki sömu kröfur og gerðar séu til innleðrar framleiðslu. Þó samningurinn sé klárlega skref í rétta átt og muni vænka hag neytenda þá þarf að tryggja með eftirliti að þær landbúnaðarvörur sem fluttar verða inn til landsins á grundvelli samningsins uppfylli sömu kröfur og gerðar eru til innleðrar framleiðslu. *Campylobacter* er ein algengasta orsök matarsýkinga af völdum baktería á Vesturlöndum en eins og þekkt er lifir *campylobacter* ekki frýstingu af og þar sem ekki er heimilt að flytja inn hrátt, ófrosið kjöt er þegar komið í veg fyrir auknar sýkingar hér á landi. Þá annast inn- og útflutningskrifstofa MAST eftirlit með innflutningi dýraafurða til landsins. Innflutningseftirlit með dýraafurðum felst m.a. í skoðun skjala sem þurfa að fylgja vörunni og heilnæmisskoðun sem felur m.a. í sér hitastigsmælingar og sýnatöku til rannsókna. Neytendasamtökin telja eftirlit MAST með innflutningi dýraafurða til landsins góða leið til að tryggja að innfluttar landbúnaðarvörur uppfylli sömu kröfur og gerðar eru til innleðrar framleiðslu.

Mun samningurinn gera Íslendinga að umhverfissóðum?

Gagnrýnendur samningsins hafa bent á að með honum muni Vistspor Íslands stækka enn frekar þar sem flytja þurfi allar vörur samningsins til landsins með skipum eða flugvélum. Nýlega var Vistspor Íslands mælt. Niðurstöður mælingarinnar leiddu í ljós að með því að leggja vísinn óbreyttan á Ísland fékk það langstærsta Vistspor jarðar eða 56 jarðhektara á mann. Talan er þó töluvert of há þar sem ekki er tekið tillit til sérstakra aðstæðna landsins í orkumálum og sjávarútvegi. Þrátt

fyrir það virðist allt benda til þess að Íslendingar séu neyslufrekasta þjóð jarðar miðað við þær niðurstöður sem fást með aðferðum Vistsporsins. Neytendasamtökin leggja áherslu á að upplýsa þurfi neytendur í stórauðnum mæli um mikilvægi sjálfbærrar neyslu; umhverfisáhrif vöru, flokkun úrgangs og sóun matvæla. Þá er það mat

Stjórnvöld geta brugðist við undirboðum með álagningu undirboðstolla

samtakanna að áhrif samningsins á Vistspor landsins séu hverfandi þar sem ljóst er að Íslendingar eru nú þegar ein neyslufrekasta þjóð jarðar. Þetta kemur til af miklum innflutningi á vörum sem landið kemst ekki af án, svo sem rafmagnstækjum, bifreiðum og olíu. Það er útblástur koldíoxíðs við framleiðslu á þessum vörum sem gerir Vistspor okkar svona hátt. Þessi óbeina notkun á olíu leiðir því til þess að Íslendingar eru mestu olíuneytendur jarðar miðað við höfðatölu og er það mat samtakanna að innflutningur á tiltölulega litlu magni af landbúnaðarvörum muni ekki hafa úrslitaáhrif hvað þetta verðar.

Mun landbúnaður á Íslandi leggjast af ef samningurinn verður að veruleika?

Hagsmunaaðilar innan landbúnaðarins hafa haldið því á lofti að með samningnum muni hættan á undirboðum (e. dumping) stórauðkast. Neytendasamtökin gefa lítið fyrir slíkan málflutning. Stjórnvöld geta brugðist við undirboðum með álagningu undirboðstolla. Með undirboðum er átt við það þegar vara er seld undir kostnaðarverði. Heimild til beitingar undirboðstolla er byggð á samningi Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar um undirboðstolla. Bæði Ísland og ESB eru aðilar að samningnum og hafa skuldbundið sig til þess að beita undirboðstollum í samræmi við hann. Þannig er það mat samtakanna að samningurinn sé til hagsbóta bæði fyrir íslenska neytendur og íslenskan landbúnað. Með samningnum koma til ný og spennandi tækifæri til útflutnings á íslenskri landbúnaðarframleiðslu inn á ESB-svæðið ásamt innflutningi á meira magni af landbúnaðarvörum frá nágrennanþjóðum okkar sem mun auka samkeppni og lækka verð til neytenda á innlenda markaðnum. Það er því mat Neytendasamtakanna að í raun sé samningurinn allra hagr.

NEYTENDASTARF ER Í ALLRA ÞÁGU

10-11

A4

Arion banki

Atlantsolía

Bananar

BL

Borgun

Bónus

Byko

Eimskip

Elko

Ferðaskrifstofa Íslands

Flugfélag Íslands

Hagkaup

Húsasmiðjan

Iceland

Icelandair

Innnes

Ísfugl

Íslandsbanki

Íslandspóstur

Kaskó

Krónan

Landsbankinn

MP Banki

MS

Myllan

Nathan & Olsen

Nettó

Olís

Ora

Orka náttúrunnar

Orkan

Ormsson

Rúmfatalagerinn

Samkaup-Strax

Samkaup-Úrval

Samskip

Samsungsetrið

Sjóvá

Skeljungur

Sláturfélag Suðurlands

Smith & Norland

Sölufélag garðyrkjumanna

Tryggingamiðstöðin

Valitor

Vátryggingafélag Íslands

Víðir

Vínbúðin

Vodafone

Vörður tryggingar

WOW air

Öryggismiðstöðin

Átt þú inni hjá gjaldþrota verslun?

Nýverið fór verslunarkeðjan Anttila, sem starfrækti yfir 30 verslanir í Finnlandi og seldi allt frá snyrtivörum til raftækja, í þrot. Nokkrum dögum fyrir gjaldþrotið auglýsti fyrirtækið útsölu í vefverslun sinni. Í kjölfarið sátu því margir neytendur eftir með sárt ennið í þeirri stöðu að hafa pantað, og greitt fyrir, vörur án þess að afhending hefði átt sér stað. Hvað varðaði kröfur þessara neytenda sagði skiptastjóri þrotabúsins að fyrirframgreiðslur vegna verslunar á netinu væru eign búsins sem bæri engin skylda til að afhenda neytendum þær vörur sem þeir hefðu keypt. Þó kom í ljós að staða neytenda sem greitt höfðu með kreditkorti var nokkuð skárri en hinna sem greitt höfðu með debetkorti eða millifærslu. Þetta varð til þess að í Finnlandi er nú unnið að endurskoðun laga til að tryggja betur rétt neytenda þegar fyrirtæki fara í þrot. Helstu áherslurnar eru annars vegar á að tryggja að neytendur standi jafn vel að vígi óháð því hvernig greiðsla átti sér stað og hins vegar á að neytendur séu í betri stöðu en almennir kröfuhafar við gjaldþrotaskipti.

Sem betur fer er það fátítt, alla vega hérlendis, að svo stór hópur neytenda beri fjárhagslegt tjón þó verslun eða þjónustufyrirtæki fari í þrot. Það getur þó gerst hafi neytandi t.d. pantað vöru sem ekki hefur verið afhent (eins og er t.a.m. algengt þegar keypt eru húsgögn eða innréttingar) eða ef hann á inneignarnótu eða gjafabréf hjá fyrirtækinu. Það er ekki síst þess vegna sem ráðlagt er að nýta gjafabréf og inneignarnótur við fyrsta tækifæri, enda geta verslanir og þjónustufyrirtæki lagt upp laupana, gengið kaupum og sölum, eða jafnvel farið í þrot, en allt þetta getur gert neytendum erfitt fyrir að sækja rétt sinn.

Kröfur í þrotabú

Við gjaldþrot verða kröfuhafar að lýsa kröfum sínum í þrotabú fyrirtækisins í samræmi við innköllun skiptastjóra en nokkuð er um að neytendur leiti leiðsagnar hjá Neytendasamtökunum um það ferli. Þurfi neytendur að fara þessa leið, sem er t.d. nauðsynlegt hafi verið greitt með peningum eða millifærslu, fara kröfur þeirra í röð sem almennar kröfur við uppgjör þrotabúsins. Þegar fyrirtæki hefur verið lýst gjaldþrota er yfirleitt frekar ólíklegt að allar almennar kröfur fái greiddar þar sem ýmsar aðrar kröfur eru framar í greiðsluröðinni, svo sem kröfur vegna skiptakostnaðar, veðkröfur, kröfur um laun og orlof starfsmanna o.s.frv. Þegar kemur að greiðslu almennra krafna, þ. á m. krafna neytenda, er því hætt við að ekkert fé sé eftir í búinu. Það er þó ekki svo að neytendur glati sjálfkrafa fé vegna þessa þar sem önnur úrræði geta staðið til boða allt eftir því með hvaða hætti greiðsla fór fram.

Réttarstaða eftir því hvernig greiðsla fer fram

Lendi neytendur í því að vara eða þjónusta sem þeir hafa greitt fyrir með kreditkorti er ekki afhent stendur þeim sá möguleiki til boða að kvarta við útgefanda kortsins í 30 – 90 daga (misjafnt eftir bönkum) eftir að afhending átti að eiga sér stað. Um þetta úrræði, þ.e. afturköllun greiðslu eða „chargeback“, var ítarlega fjallað í 4. tbl. 2015.

Af ofangreindu má sjá að mikilvægt er að bæta réttarstöðu neytenda við gjaldþrot og jafna hana óháð því hvernig greiðsla fer fram, og verður spennandi að fylgjast með hverju fram vindur hjá Finnum.

Úr kreditkortaskilmálum Íslandsbanka:

Í þeim tilvikum er seljandi hefur ekki innt af hendi eða vill ekki inna af hendi þá vöru eða þjónustu er korthafi greiddi fyrir með kortinu, atburði hefur verið aflýst eða söluaðili hefur hætt rekstri, getur korthafi skilað skriflegri kvörtun til útgefanda allt að 30 dögum eftir að afhending átti sannanlega að eiga sér stað. Telji útgefandi að afhending hafi sannanlega ekki átt sér stað vegna ofangreindra ástæðna, endurgreiðir útgefandi korthafa andvirði hins selda.

DRUKKNAR HEIMURINN Í PLASTI?

Plast er bókstaflega allsstaðar. Þó mannkynið hafi ekki notað plast lengur en í um 70 ár er plastrusl og örlitlar plastagnir að finna hvarvetna á jörðinni, allt frá hæstu fjöllum og afskekktum eyjum til dýpstu hafsbotna. Hvert er umfang vandans og hvað er til ráða?

Griðarlegt magn

Plast er nánast orðið ómissandi í nútímasamfélagi. Umbúðir, rör, bílaíhlutir, húsgögn, byggingarefni, bátar, net, leikföng, fatnaður; hvert sem litið er, er plast að finna.

Um 300 milljónir tonna af plasti eru framleiddar í heiminum á ári hverju, en það samsvarar samanlagðri þyngd allra jarðarbúa. Ef allt plastið sem framleitt hefur verið undanfarna áratugi væri plastfilma væri hægt að hylja allan hnöttinn með henni. Samtals hafa verið framleiddir um 5 milljarðar tonna af plasti frá upphafi, en ef þróunin heldur óbreytt áfram gæti heildarmagn framleidds plasts árið 2100 verið 30 milljarðar tonna. Að mati vísindamanna myndu áhrifin á náttúruna og mannfólkið verða griðarleg.

Alþjóðlega efnahagsráðið (World Economic Forum, WEF) vakti nýlega athygli á umfangi plastvandans og varaði við því að ef ekki verður gripið til aðgerða verði meira af plasti en fiski í sjónum árið 2050. Í skýrslu WEF um ógn og tækifæri plasthagkerfisins er áætlað að kostnaður vegna plasmengunar sé a.m.k. 40 milljarðar bandaríkjadollara á ári hverju (þar með talinn útblástur gróðurhúsalofttegunda) sem er meira en samanlagður árlegur hagnaður plastumbúðaframleiðenda.

Árlega enda meira en 8 milljónir tonna af plasti í sjónum. Það samsvarar því að fullum ruslabíl af plasti væri sturtað í sjóinn á mínútu fresti. Aðrir áætla að magnið gæti verið allt að 12 milljónir tonna árlega. Ef ekkert verður að gert og plastnotkun heldur áfram að aukast, mun það magn sem endar í sjónum hafa tvöfaldast um árið 2030 og fjórfaldast fyrir árið 2050. Plastpokar og aðrar umbúðir eru talin vera stærstur hluti þess plasts sem endar í sjónum.

Plastöldin er hafin

Allt að 30-50% plasts er einnota. Eingöngu 14% plastumbúða eru flokkuð til endurvinnslu og á endanum

Allt að 30-50% plasts er einnota. Eingöngu 14% plastumbúða eru flokkuð til endurvinnslu

nýtast ekki nema 5% þeirra í endurvinnslu (mismunurinn útskýrist m.a. af lélegum gæðum hráefnis sem fer til endurvinnslu). Sónin er ótrúleg, einkum þegar horft er til þess að plast er framleitt úr olíu, sem er óendurnýjanleg auðlind.

Plast er auk þess ekki niðurbrotanlegt og eyðist því ekki í náttúrunni heldur brotnar það einungis niður í minni einingar og endar oft sem örlitlar plastagnir. Dýrasvif, fiskar, sjófuglar og sjávarspendýr éta plastrusl sem endar í sjónum og plast finnst nú í maga meirihluta fiska og sjófugla. Þá fóðra fuglar oft unga sína á plastrusli. Litlu plastagnirnar sem dýrasvifið étur safnast upp í fæðukeðjunni þegar stærri dýr éta svifið og eiga þar með greiða leið í menn í gegnum sjávarfang.

Plastið getur ferðast þúsundir kílómetra í sjónum en sökum hafstrauma safnast það oft upp sem risastórir fljótandi plastflákar eða á ströndum afskekktura eyja. Plasmengun er meira að segja að finna á norður- og suðurlandshöfnum. Sem dæmi má nefna að árið 2014 fann rannsóknarteymi talsvert magn af frosnum plastögnum í Norður-Íshafinu. Meira að segja fjöll á borð við Mount Everest eru orðin menguð af plastrusli sem klifurgarpar hafa skilið eftir sig.

Plastagnirnar sem enda í jarðvegi eða á hafsbotni hverfa heldur ekki, en vísindamenn telja nú að slíkar plastagnir endi jafnvel sem einhverskonar nútímasteingervingar sem muni verða til staðar í jarðlögum eftir milljónir ára. Hópur vísindamanna ályktaði nýlega í grein í

Staðreyndir um plast

1. Árlega eru notaðir um 500 milljarðar plastpoka í heiminum. Hver poki er notaður í um 15 mínútur. Í Bandaríkjunum einum eru notaðir um 35 milljarðar af plastflöskum á ári.
2. Umbúðir eru um þriðjungur allrar plastnotkunar. Meira en 30% af umbúðaplasti fara framhjá sorphirðukerfinu.
3. Plastið eyðist ekki í náttúrunni, heldur brotnar í minni og minni einingar sem safnast upp í vistkerfinu.
4. Talið er að um 270.000 tonn af plastögnum fljóti nú í sjónum. Ef ekkert breytist verður meira af plasti en fiski í sjónum árið 2050.
5. Plastagnirnar laða að sér eiturefni á borð við PCB og DDT. Styrkur eiturefna í plastögnum getur verið allt að milljón sinnum hærri en í umhverfinu.
6. Plastagnir finnast nú orðið í maga 90% sjófugla og 50-75% fiska. Minnstu agnirnar berast í blóðrás og líkama fiska og þaðan á diskinn okkar.

vísindatímaritinu Anthropocene að mannkynið sé að ganga inn í nýtt tímabil í sögu jarðar sem þeir kalla „The Plastic Age“, eða plastöldina.

Örplast

Nýlega kom fram ný ógn sem gerir plastvandann enn illleysanlegri. Rannsóknir hafa sýnt að ótrúlegt magn örlítilla plasttrefja losnar úr plastfatnaði, svo sem flís og pólýester, í hverjum þvotti en trefjarnar enda svo í ám, vötnum og sjónum þar sem skólphreinsikerfi ná ekki að fjarlægja þær. Auk þess er talið að dekkjaslit og dekkjakurl sem notað er m.a. á gervigrasvöllum sé ein af uppsprettum plasts sem endar í umhverfinu.

Örlitlar plastagnir (svokallað örplast) eru einnig víða notaðar í snyrtivörum, meðal annars í tannkremi, ýmsum kremum og andlitsskrúbbum. Einnig er örplast að finna í fleiri vörum svo sem svitalyktareyði, sjampói og sápum, varalit, hárlit og rakfroðu, sólarvörn, hárspreyi, ungbarnavörum, augnskugga og maskara, svo fátt eitt sé nefnt. Magn örplasts í hinum ýmsu snyrtivörum er mjög breytilegt, eða allt frá 1 til 90% af heildarþyngd vörunnar. Sem dæmi má nefna að húðslípanði sturtusápa getur innihaldið jafnmikið örplast og umbúðirnar sem sápan er í.

UNEP (Umhverfisstofnun Sameinuðu þjóðanna) hefur lagt fram kröfur þess efnis að varúðarreglunni verði beitt þegar kemur að örplasti og mælir með að minnka í

skrefum og síðan banna alfarið notkun örplasts í snyrtivörum. Nú þegar hafa margir snyrtivöruframleiðendur, meðal annars Unilever, Johnson & Johnson, The Body Shop, L'Oreal, Colgate/Palmolive, Beiersdorf, Procter & Gamble, gripið til aðgerða eða gefið loforð um að hætta notkun örplasts í vörulínum sínum.

Auk þess hafa þó nokkur lönd bannað framleiðslu og notkun örplasts í snyrtivörum, þ. á m. Kanada, Ástralía og Bandaríkin. Nýlega sagðist breska ríkisstjórnin styðja bann gegn örplasti. 340 þingmenn Evrópuþingsins hafa einnig krafist banns á örplast, en afstaða Evrópuráðsins hefur hingað til verið að treysta á loforð snyrtivöruframleiðenda þess efnis að þeir muni hætta notkun örplasts í framleiðslu sinni. Holland, Austurríki, Luxembúrg, Belgía og Svíðþjóð kalla hins vegar eftir formlegu banni.

Hvað er til ráða?

Svo virðist vera sem örplast í snyrtivörum hverfi á næstu árum, en þar með er plastvandinn ekki úr sögunni. Þörf er á grundvallarbreytingu á notkun plasts.

Í áður nefndri skýrslu alþjóðlega efnahagsráðsins eru lagðar fram ýmsar tillögur að aðgerðum til að spyrna við plastmengun. Ráðið ályktar meðal annars að nauðsynlegt sé að hætta notkun einnota umbúða og finna ný niðurbrjótanleg og endurvinnanleg hráefni til að taka við af plastinu. Í þeim tilgangi kallar ráðið eftir alþjóðlegu samstarfi, ásamt rannsóknum og nýsköpun á sviði umbúðanotkunar.

Ráðið mælir m.a. með:

- Sköttum og/eða banni við notkun einnota plastpoka
- Hönnun umbúða sem þurfa minna magn plasts og færri aukaefni
- Bættri endurvinnslutækni

Hér á eftir má svo sjá góð ráð og leiðbeiningar vilji neytendur draga úr plastnotkun á heimilum sínum.

Anne Maria Sparf



Dragðu úr plastnotkun svo um muni!

Plast er orðið alvarlegt umhverfisvandamál á heimsvísu, en það er margt sem við neytendur getum gert til að minnka okkar hlut í vandanum. Hér eru nokkur ráð varðandi það hvernig má hefjast handa. Byrjaðu smátt og prófaðu þig svo smám saman áfram. Það er ótrúlega gefandi að finna nýjar leiðir til forðast plast.

Plastpokalaus lífsstíll

1. Segðu nei við plastpokanum, hvort sem er í matvörubúðinni, fataversluninni eða bókabúðinni. Hafðu í staðinn með eigin margnota burðarpoka úr taui, sem auðvelt er að skella í þvottavélina eftir þörfum. Geymdu ávallt nokkra í töskunni eða í bílnum, svo þú þurfir ekki að muna eftir að taka þá með í hvert skipti sem þú ferð út í búð. Þetta krefst bara smá æfingar, en verður fljótt að vana.

2. Hafðu með þunna margnota poka undir grænmeti og ávexti. Hægt er að kaupa litla poka sem má setja í þvottavél og eru hannaðir sérstaklega með þessa notkun í huga. Svo má alveg sleppa pokum í flestum tilfellum og hafa matvælin í lausu í kerrunni og á færibandinu. Til hvers þarf poka fyrir banana, appelsínur, sitrónur og lauk, svo fátt eitt sé nefnt, vörur sem þegar eru varðar frá náttúrunnar hendi?

3. Notaðu ruslapoka úr lífrænum, niðurbrjótanlegum efnum. Eða prófaðu dagblöð! Með einfaldri netleit finnur þú ótal kennslumyndbönd sem sýna hvað er hægt að nota í ruslafötuna í stað plastpoka. Það hjálpar líka við að halda sorpílátinu hreinu að flokka lífrænan úrgang sér.

Margnota í stað einnota

1. Hættu að kaupa vatn í flöskum. Kranavatn er miklu hollara og ferskara. Ath! Gott er að muna að margnota plastbrúsarnir (eins og þeir sem maður notar í ræktinni og fyrir krakkana í skólann) eru yfirleitt úr pólýkarbonati og innihalda óæskileg efni. Í staðinn er betra að nota gamla djúsbrúsa úr PET-plasti þegar glas er ekki við hendina.

2. Notaðu margnota ferðamál. Það er engin afsökun fyrir því að nota einnota kaffimál úr pólýstyreni, eða einnota bolla yfir höfuð. Keyptu eigið ferðamál strax og málið er dautt. Gakktu einnig úr skugga um að á

vinnustaðnum þínum séu notaðir alvöru kaffibollar, enda smakkast kaffi svo miklu betur úr þeim.

3. Veldu taubleiur í stað einnota bleia á barnið þitt.

Þetta er eflaust ein af skilvirkustu leiðunum til að takmarka heildarumhverfisáhrif fjölskyldunnar. Náttúran þakkar þér!

4. Segðu bless við einnota hnífapör og plastglös!

Það er alveg hægt að halda barnaafmæli og aðrar veislur án einnota drasls. Það krefst bara vilja og góðrar skipulagningar. Fáðu leirtau að láni frá ættingjum eða keyptu margnota plastglös og diska ef þú óttast um afdrif sparistellsins. Prófaðu einnig að sleppa rörum! Hér er gott að hafa í huga hvernig gildi við viljum kenna börnunum okkar – einnota draslmennung eða að hver hlutur hafi gildi?

5. Hættu að kaupa glæra plastpoka og plastfilmur.

Einfalt mál – þegar þetta er ekki til á heimilinu er það ekki notað. Plastfilmur innihalda auk þess hormónaraskandi efni sem þú vilt ekki fá í matinn þinn.

Að versla í matinn án plasts

1. Forðastu óþarfa plastumbúðir þegar þú verslar í matinn. Það er vissulega erfitt ef maður vill kaupa íslenskt grænmeti en þar hefur Sölufélag garðyrkjumanna mikið verk að vinna! Sem betur fer er hægt að fá íslenskt grænmeti í lausu í ýmsum sérverslunum (t.d. Bændur í bænum og Frú Lauga), a.m.k. á höfuðborgarsvæðinu.

2. Drekktu minna gos. Hugsaðu málið. Hversu marga gosflöskur úr plasti eru keyptar inn á heimilið í hverri viku, mánuði, á ári? Þetta er ansi mikið magn af plasti. Auk þess batnar heilsan svo um munar ef þú sleppir gosinu.

3. Verslaðu í sérvörslunum. Þegar maður svipast um í venjulegum matvöruverslunum eru nánast allar vörutegundir í plastumbúðum. Hvað er til ráða? Hér er klárlega þörf fyrir matvælaíðnaðinn, verslanir og umbúðaframleiðendur að hugsa sinn gang og skipta yfir í umhverfisvænni umbúðir. Þangað til er eina ráðið fyrir neytendur sem vilja losna við plastumbúðir að versla í sérvörslunum sem bjóða upp á vörur í pappírspokum og/eða í lausu. Nýlega hóf íslenskt fyrirtæki að nafni Kaja Organics að pakka þurrvörum og kryddi í pappírspoka héraendis og ekki er verra að vörurnar eru allar úr lífrænni ræktun! Svo má nefna Uppskeruna, sem selur lífrænar þurrvörur í lausu og hvetur viðskiptavini til að mæta með eigin ílát.

4. Taktu með eigin ílát þegar þú kaupir fisk og kjöt úr kjötbörði. Þér finnst það mögulega vandræðalegt fyrst, en þessar nýju venjur eru að breiðast hratt út í samfélaginu. Svo ætti auðvitað að vera sjálfsagt mál fyrir verslanir að nota eingöngu umbúðir úr náttúrulegum hráefnum.

5. Notaðu glerílát undir matarleifar. Hægt er fá sérstök glerílát með tréloki til að geyma matvæli í, en einnig er gott að nota þau ílát sem þú átt nú þegar. Venjulegar glerskálur duga vel í flestum tilfellum, með matardisk yfir sem lok. Einnig eru fánleg matarílát úr náttúrulegum hráefnum.

Burt með örplast

1. Forðastu snyrtivörur sem innihalda örplast. Þær eru oftast merktar polyethylene, polypropylene eða orpolystyrene í innihaldslýsingunni (stundum merkt PE, PP, PET eða nailon). Einnig eru til öpp sem greina örplast úr innihaldslýsingum (sjá t.d. Beat the microbead eða CosmEthics). Gott er að vita að umhverfismerktar vörur mega ekki innihalda örplast.

2. Keyrðu minna! Þetta kemur mögulega á óvart, en dekkjaslit er ein af helstu uppsrettum örplasts í umhverfinu. Svo batna loftgæðin líka eftir því sem fleiri kjósa að sleppa bílnum.

3. Veldu fatnað úr náttúrulegum hráefnum. Með því að forðast flís, nælon, pólýester og annan fatnað úr plasttrefjum minnkar þú örplastsmengun heimilisins svo um munar. Föt úr náttúrulegum trefjum eru líka svo miklu þægilegri.

4. Þvoðu sjaldnar. Við hvern þvott losna allt að hundruðum þúsunda trefja úr plastflíkunum sem enda að lokum í sjónum. Því miður eru íslenskar skólphreinsistöðvar líka sérlega illa búnar til að hindra för örplastsins.



Innkaup heimilisins

1. Veldu náttúruleg hráefni fyrir heimilið. Innréttingar, húsgögn, mottur, gardínur, gluggatjöld, herðatré, geymslukassar, eyrnapinnar, sturtuhengi, skraut... lítlu í kringum þig á heimilinu – er mikið um plast? Veldu frekar eitthvað annað en plast næst. Um leið og þú skiptir plastinu út batna einnig loftgæði innanhúss en rannsóknir hafa staðfest að uppgufun óæskilegra efna af öllu plastdótinu á heimilum getur verið talsverð.

2. Hættu að kaupa plastdrasl fyrir börnin. Vissulega er stærsti hluti nútímaleikfanga úr plasti og varla vilja foreldrar neita börnum sínum um gæðaleikföng á borð við Lego. En mætti ekki endurskoða hvernig leikföng er keypt í framtíðinni? Reyna að forðast óþarfa dót sem brotnar um leið og er gleymt á morgun. Það er líka í lagi að segja nei þegar krakkarnir suða um að fá eitthvert dót í búðinni. Er ekki barnaherbergið hvort eð er fullt af dóti nú þegar?

3. Hafðu hreinlæti án plastsóunar sem markmið. Nánast allar snyrtivörur og hreinlætisvörur eru því miður í einnota plastumbúðum. Reyndu að nota efnin sparlega til að minnka sóunina og finndu lausnir svo sem sáputykki í stað fljótandi sápu. Einnig er gott að vita að Heilsuhúsið býður upp á vörulínu af hreinsiefnum þar sem hægt er að fá áfyllingu. Við hvetjum þig til að prófa!

4. Veldu dömubindi og túrtappa úr náttúrulegum efnum. Flestar vörur á markaðnum innihalda plast, en umhverfismerkt dömubindi og túrtappar frá Natracare eru fánleg í flestum verslunum. Vörurnar henta einnig þeim sem eru að kljást við efnaofnæmi eða viðkvæma húð. Enn umhverfisvænna er svo að nota Álfabíkarinn, sem er fjölnota, og er um að gera fyrir konur að skoða þann möguleika.

Að lokum er svo mikilvægt að muna að flokka allt plastruslið sem myndast á heimilinu og skila til endurvinnslu. Gangi ykkur vel!



Neytendasamtökin

frjáls félagasamtök síðan 1953

Fyrstu 8 mánuði ársins 2016 hafa Neytendasamtökin m.a.:

- ✓ Svarað yfir 5000 erindum frá neytendum
- ✓ Sinnt milligöngu í um 130 deilumálum neytenda og seljenda
- ✓ Sent erindi til fyrirtækja og eftirlitsstjórnvalda
- ✓ Sent umsagnir við lagafrumvörp og þingsályktunartillögur
- ✓ Skrifað yfir 40 fréttir auk reynslusagna og svör til neytenda á ns.is
- ✓ Kannað verð og gæði á spjaldtölvum, sólarvörn og snjallsímum
- ✓ Verið í samskiptum við neytendur í gegnum Facebook-síðu samtakanna
- ✓ Boðið gestum og gangandi á opið hús á Menningarnótt

Neytendasamtökin sinna aðstoð fyrir neytendur, leigjendur, og neytendur sem lenda í vandræðum við kaup á vöru eða þjónustu erlendis.

www.ns.is

www.leigjendur.is

www.eccisland.is

**TAKK FYRIR AÐ VERA FÉLAGSMAÐUR
ÞÍN AÐILD SKIPTIR MÁLI**